

# Sjálfbærniverkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar

Vinnufundur stýrihóps 9.9.2015 kl. 14:30

**Mætt:** Árni Óðinsson (Landsvirkjun), Dagný B. Reynisdóttir (staðgengill Geirs Sigurpáls Hlöðverssonar, Alcoa Fjarðaál), Freyr Ævarsson (Fljótsdalshérað), Fríða Björg Eðvarðsdóttir (Landvernd), Marinó Stefánsson (Fjarðabyggð), Guðrún Á. Jónsdóttir (Austurbrú), Sigrún Víglundsdóttir (Austurbrú) sem ritaði fundargerð.

## Dagskrá

1. Þróun vísa – ábendingar af ársfundi
2. Fundur samráðshóps verkefnisins 2016?
3. Ársfundur 2016
4. Almennar upplýsingar á vef Sjálfbærni.is
5. Markmið og væntingar
6. Önnur mál

## Umræður

### 1. Þróun vísa – ábendingar af ársfundi

Farið var yfir niðurstöður hópstarfs á ársfundi 2015.

**Hópur 1** Almennar ábendingar, krefst ekki viðbragða

**Hópur 2** Hugmyndir um það hvernig má efla efnahagsþáttinn í Sjálfbærniverkefninu voru ræddar.

- i. Stefnan er að fjölga ekki vísnum heldur bæta það sem fyrir er.
- ii. Samanburður við aðra landshluta gæti stundum verið áhugaverðari en samanburður við landið allt eða höfuðborgarsvæði.
- iii. DBR kannar hvort hægt er að nálgast gögn um búsetu starfsmanna Fjarðaáls aftur í tímann.
- iv. SV/GÁJ skoða hvort hægt er að fá væntingavísitölu Gallup útreiknaða fyrir Austurland

Minnisblað Jóns Skafta Gestssonar hjá VJI Ráðgjöf frá 17.12.2014 var rætt. Þar komu tillögur varðandi hagvísa verkefnisins. Ákveðið að Austurbrú skoði hvaða flæðistærðum verkefnisins er hægt að breyta í stofnstærðir.

**Hópur 3** Skoðaði vísa 3.1 – 3.3 í verkefninu

**Vísir 3.1a** Stýrihópur telur mikilvægt að fá þessar tölur og telur að SSA eigi að beita sér fyrir því að Hagstofa Íslands vinni hagtölur á fjórðungsvísu frekar en Höfuðborg vs landsbyggð eins og raunin er með marga vísa.

**Vísir 3.1b** Ákveðið að setja vísinn í breytingaferli samkvæmt tillögu Jóns Skafta Gestssonar frá ársfundi verkefnisins 2015

**Vísir 3.1c** Ákveðið að setja vísinn í breytingaferli og bæta við upplýsingum um sætanýtingu í áætlunarflugi um Egilsstaðaflugvöll ef hægt er að nálgast þær upplýsingar.

**Vísir 3.1d** Ákveðið að halda vísinum inni en breyta framsetningu:

**Alcoa:** Setja inn texta um að þar sé ekki lengur tekið á móti gestum og því engar nýjar tölur.

**Landsvirkjun:** Fram til ársins 2013 var gestastofa í Végarði en frá og með 2014 var tekið á móti gestum við stífluna. Eðlilegt að birta þessar tölur aðskildar.

**Vísir 3.2** Ákveðið að setja vísinn í breytingarferli þannig að útflutningur Alcoa Fjarðaáls verði skoðaður sem hlutfall af heildarútflutningi frá Íslandi. Að auki lagt til að það sem nú er kallað nettó útflutningur verði skoðað áfram og hlutfall þess af heildaútflutningi Alcoa.

**Vísar 3.3 og 3.4** Spurt var hvort vísir 3.3 væri ekki jafn óáreiðanlegur og 3.4 þar sem sömu upplýsingar ættu að liggja þar að baki. Málið er flókið og ákveðið að óska eftir að stýrihópur fái fund með einhverjum sem getur útskýrt málið betur. Vísir 3.4 verði haldið inni.

**Vísir 3.5** Breytingatillaga verði sett fram og upplýsingum um framlegð og skuldastöðu bætt við.

## 2. Fundur samráðshóps verkefnisins 2016?

- I. Samþykkt að stefna að því að kalla saman samráðshópinn á árinu 2016 í tengslum við ársfund t.d. að samráðshópurinn hittist að morgni og deginum ljúki með ársfundi sem væri þá stytur.
- II. DBR og ÁÓ kanna hjá Alcoa Fjarðaál og Landsvirkjun hvort heimild fáist fyrir kostnaði við fundinn.
- III. Ræddar voru leiðir til að fá fleiri aðila að hópnum, sérstaklega var rætt að fá fleiri aðila með þekkingu á efnahagsmálum.
- IV. Til að fundurinn nýtist sem best þarf að fá ráðgjafa sem kann að koma af stað góðri umræðu í hóp.
- V. GÁJ/SV skoða mögulegt fyrirkomulag, ráðgjafa og kostnað og leggja tillögur fyrir stýrihóp.
- VI. Samráðshópurinn hittist síðast 2010 og vann þá að verklagsreglum um breytingaferli vísa. Markmið fundarins núna væri opnara og varðaði stöðu og framtíð Sjálfbærni-verkefnisins.

## 3. Ársfundur 2016

- I. Tímasetning: Upp úr miðjum apríl, dagsetning ákveðin síðar.
- II. Staðsetning: Fljótsdalshérað, nánari staðsetning ákveðin síðar.
- III. Þema: Fundur samráðshóps – staða og framtíð verkefnisins

## 4. Almennar upplýsingar á vef Sjálfbærni.is

- I. GÁJ kynnti tillögur um breytingar á almennum upplýsingum á vef Sjálfbærni.is. Tillögurnar miða að því að einfalda vefinn, fækka efnisflokkum, stytta texta og einfalda leiðina að niðurstöðum. Samþykkt að vinna tillögurnar áfram og breyta vef til samræmis.

## 5. Markmið og væntingar

- I. Rætt var hvað átt er við með markmiðum einstakra vísa og hvers markmið þau eru.
- II. Í sumum tilfellum er um að ræða eitthvað sem fyrirtækin geta haft áhrif á t.d. kynjahlutfall í vinnuafli en í öðrum tilfellum eins og t.d. stærð hreindýrastofns er um að ræða spár manna um náttúrulegar breytur en ekki eiginleg markmið.
- III. Hlutverk verkefnisins þegar markmið nást ekki var rætt. Hugmynd kom fram um að hlutverk verkefnisins væri að láta vita þegar markmið nást ekki. Það væri t.d. hægt að gera með því að merkja niðurstöður sérstaklega sem eru „utan marka“
- IV. Ekki fékkst eiginleg niðurstaða en ákveðið að SV/GÁJ safni tillögum frá ábyrgðarmönnum og leggi fyrir stýrihóp.
- V. Skilgreina þarf betur í texta hvert hlutverk verkefnisins er varðandi markmið.

## 6. Önnur mál

- DBR benti á að slysatíðni á leiðinni Reyðarfjörður – Norðfjörður er ekki innifalin í vöktunaráætlun vísis 1.18b: Slysatíðni á hverja milljón ekinna km á völdum leiðum. Niðurstöður fyrir leiðina voru birtar við síðustu uppfærslu vísisins eftir ábendingu Dagnýjar en samþykkt að leggja til að bæta henni við vöktunaráætlun.
- Í áfangaskýrslu um vísa og grunnástand frá apríl 2005 voru skilgreindar forsendur fyrir vali á vísnum verkefnisins. Þessar forsendur eru birtar á vef verkefnisins á síðu hvers vísis. Í sumum tilfellum eru þær orðréttar en í öðrum eru þær breyttar allt frá minniháttar orðalagsbreytingu til gjörbreytts texta. Ekki liggur fyrir hvenær þessum forsendum var breytt og hvers vegna og leggur SV til að við næstu uppfærslu verði allir ábyrgðarmenn fengnir til að rýna textann við sína vísa og í kjölfarið verði forsendur birtar eins og þær birtust í skýrslu og nýjar forsendur 2016. Tillagan var samþykkt.

Símafundur stýrihóps ákveðinn mánudaginn 12. október

Fundi slitið kl. 14:15